

SN30

30 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORDURLANDS

— **ÓDURINN TIL GLEDINNAR** —

9. SINFÓNÍA BEETHOVENS



Óðurinn til gleðinnar

Hugleiðing um gleðistef Beethovens

Rekja má hugleiðingar Beethovens um gleðistefið til þess er hann kynnist ljóði Schillers, An die Freude, í fæðingarbæ sínum Bonn 1786. Hinn 16 ára Beethoven er uppnúminn og skrifar ári síðar konu Schillers og segist ætla að semja tónlist við ljóðið. Ekki varð af því að sinni en þegar hann er kominn til Vínarborgar 1790 má fljótlega finna tilraunir á rissblöðum og svo síðar þegar kennari hans, Haydn, felur honum að velja sér ljóð til að semja lög við. sem er undirbúningur undir að semja góð stef til að vinna með í stærri verkum. Eitt af ljóðunum sem Beethoven velur er Seufzer eines Ungeliebten und Gegenliebe eftir Gottfried August Bürger (1747- 1794). Fyrri hlutinn eru stúnur drengs vegna óendurgoldinnar ástar og svo gleðisöngur hans þegar ástin er endurgoldin. Þar brýst gleðistefið góða fram í fyrstu mynd sinni árið 1794.

Árið 1808 sá Beethoven um góðgerðartónleika á vegum keisaraynjunnar í Vín í Tónleikasalnum við Vínarfljót og í þakkarskyni var honum boðinn salurinn til að flytja eigin verk um haustið. Hann var fljótur að „yfirfylla“ dagskrána; þar var 5. og 6. sínfónían, þrjú þættir úr C-dúr messunni, 4. píanókonsertinn (sem hann lék sjálfur og stjórnaði allt of hratt), konsertarían „Ah, perfido“ fyrir sópran og svo ætlaði hann að leika frjálst á píanó í lokin. Samt fannst honum vanta stórbrotið lokaverk þar sem allt væri sameinað í eitt verk, sínfóníuhljómsveitin, píanóið, einsöngur og kórinn, og á þremur vikum semur hann verk sem er í formi píanókonserts sem einsöngvarar grípa inn í, ekki einn heldur sjö, og allt fléttast saman með kórnum í lokin. Hann finnur og semur að hluta ljóð í sama ljóðahætti og gleðióður Schillers var ortur í og með sömu áherslum á vináttu þjóða, frið og gleðina.

Aðalstefið sem hann notar er fyrst kynnt í píanóinu en verður að miklum óði hljómsveitar og mannsradda. Það er stefið úr Gegenliebe-sönglaginu sem hann samdi fjórtán árum áður og aðlagar nýjum texta.

Einlægur tónlistarunnandi, vinur og styrktaraðili Beethovens, Rudolph erkihertogi af Austurríki, var kjörinn erkibiskup 1819 og var stefnt að hátíðlegri innsetningarathöfn í Kölnardómkirkju haustið 1820. Beethoven ákvað að semja hátíðarmessu fyrir athöfnina, náði því ekki en lauk við hana 1823 og tileinkaði vini sínum. Missa solemnis var frumflutt í Pétursborg 1824 og vakti mikla athygli. Beethoven samdi messuna í D-dúr en hann samdi einnig Óðinn til gleðinnar á árunum 1822 til 1824 í sama lykli, sem er „lykill reisnar, snilldar og gleði.“

Það er greinilegt að Beethoven er með hugann við Óðinn stóran hluta ævinnar. Óðurinn til gleðinnar og níunda sínfónían eru nú flutt um öll lönd jarðar við hátíðleg tækifæri og áhrifin alls staðar einlægur og skýr boðskapur vináttu og gleði. Það verður áhugavert að heyra Óðinn fluttan í fallegri þýðingu Matthíasar Jochumssonar

Beethoven lætur bassasöngvarann hrópa áður en sjálfur Óðurinn hefst:

Æ, vinir, ekki þessa tóna!

Syngjum heldur ljúfa söngva og gleðilegri!

07.10.23

Þorvaldur S. Þorvaldsson

Fyrrverandi skipulagsstjóri Reykjavíkur.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 9

Tónskáld: **Ludwig van Beethoven**

Hljómsveitarstjóri: **Bjarni Frímann Bjarnason**

Einsöngvarar: **Herdís Anna Jónasdóttir**
Hildigunnur Einarsdóttir
Gunnar Björn Jónsson
Oddur Arnþór Jónsson

Bjarni Frímann Bjarnason

Bjarni Frímann stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarakeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víóluconsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Hann hefur stjórnað flestum hljómsveitum á Íslandi við ýmis tækifæri og auk þess löngum lista erlendra hljómsveita. Þar má nefna Útvarpshljómsveitina í Berlín, Hallé-hljómsveitina í Manchester, Kammersveitirnar í Árósum og Bergen, Þrándheimssólistana, Filharmóníu-sveitirnar í Los Angeles og Tbilisi og hljómsveit Colón-óperuhússins í Buenos Aires.

Bjarni hefur frumflutt hátt í tvö hundruð íslensk tónverk, bæði sem stjórnandi og einleikari.

Hann hefur sjálfur samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði hérlendis og erlendis. Bjarni Frímann hefur um árabil komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður, m.a. í Berlínarfílharmóníunni, Wigmore Hall og Konzerthaus í Vínarborg.

Bjarni Frímann gegndi embætti tónlistarstjóra Íslensku óperunnar frá 2017. Þá gegndi hann stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2018–2021. Árið 2017 stofnaði hann kammersveitina ELJU ásamt framvarðarsveit ungra hljóðfæraleikara og hefur stýrt henni síðan við góðan orðstír.

Gunnar Björn Jónsson

Gunnar Björn Jónsson tenór hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 2008 hjá Eydísi Úlfarsdóttur og Michael Clarke.

Árið 2011 hóf hann nám við Söngskóla Sigurðar Demetz, hjá Kristjáni Jóhannssyni, þaðan sem hann útskrifaðist vorið 2014. Um haustið 2014 lá svo leiðin til Milano á Ítalíu þar sem hann nam söng við Civica Scuola di Musica Claudio Abbado og lauk þar námi árið 2016 með Vincenzo Manno sem kennara.

Gunnar hefur sungið víða hér heima ásamt því að hafa komið fram á erlendri grundu, m.a. á gjörningum Ragnars Kjartanssonar, Bliss og Til tónlistarinnar, sem flutt voru í New York og Zürich auk Listasafns Reykjavíkur.

Óperuhlutverk Gunnars eru: Elvino (La Sonnambula), Edgardo (Lucia di Lammermoor) og Alfredo (La traviata) en það hlutverk söng hann hjá Oper im Berg eftir að hafa unnið fyrstu verðlaun í söngkeppninni Grandi Voci í Salzburg.

Herdís Anna Jónasdóttir

Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði, Listaháskóla Íslands og Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín. Að loknu námi var hún ráðin til eins árs að óperustúdíói Óperunnar í Zürich. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands, en er nú sjálfstætt starfandi og býr í Reykjavík. Herdís hefur tekið þátt í fjölmörgum óperu- og söngleikjauppfærslum í Þýskalandi og Sviss og á Íslandi. Meðal helstu hlutverka eru Adina (Ástardrykkurinn), Adele (Leðurblakan), Zerlina (Don Giovanni), Drottningin frá Schemacha (Gullni haninn), Maria (West Side Story), Eliza (My Fair Lady), Nannetta (Falstaff) og Oscar (Grímudansleikur). Á Íslandi hefur hún tvívegis sungið með Íslensku óperunni; Musettu í La bohème og Víólettu Valery í La traviata. Herdís hefur einnig margsinnis komið fram á tónleikum, s.s. með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum, á ýmsum tónlistarhátíðum, með Saarlensku ríkishljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands,

Sinfóníuhljómsveit Færeyja og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra, Ástralíu, sem og með minni kammerhópum og hljóðfæraleikurum, einnig í útvarpi og sjónvarpi.

Herdís Anna hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir söng ársins 2022 og Grímuna fyrir túlkun sína á Víólettu árið 2019, og og hún var valin Söngkona ársins í Saarbrücken vorið 2016.

Á ferli sínum erlendis hefur Herdís öðlast mikla reynslu í flutningi á margs konar tónlist, jafnt ljóðasöng sem óperu, kirkjutónlist og belcanto, söngleikjum og samtímatónlist. Fyrir jólin 2021 kom út fyrsta sólóplata hennar, Nýir vængir, hvar hún, ásamt Bjarna Frímanni, flytur íslensk sönglög, gömul og ný.

Hildigunnur Einarsdóttir

Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur hefur einnig lokið B.A.-prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands hvar hún sótti söngtíma hjá Hlín Pétursdóttur Behrens. Hildigunnur stjórnar Árkórnum í Reykjavík og Kvennakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Hildigunnur kennir einnig söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Söngskólann Domus Vox. Hildigunnur hefur verið áberandi í kirkjutónlistarsenunni og sungið

einsöngshlutverkin í m.a. Messías og Judas Maccabeus eftir Händel, Mattheusarpassiú, Jóhannesarpassiú og Jólaóratoriunni eftir Bach og Guðbrandsmessu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Hildigunnur hefur einnig sungið einsöng með m.a. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Barokksveitinni Brák og Kammersveit Reykjavíkur og frumflutt fjölda verka, m.a. eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og Kolbein Bjarnason. Hildigunnur hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2023 fyrir söng ársins í flokknum sigild og samtímatónlist.

Oddur Arnþór Jónsson

Oddur Arnþór Jónsson barítón hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2018 sem söngvari ársins fyrir hlutverk Michaels í Brothers, margverðlaunaðri óperu Daniels Bjarnasonar, á Listahátíð 2018. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2014 fyrir Rodrigo í Don Carlo, sem var frumraun hans í Íslensku óperunni.

Oddur lærði hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Alexander Ashworth í Söngskólanum í Reykjavík og lauk þaðan burtfararprófi. Hann stundaði framhaldsnám í óperu- og ljóðasöng við Mozarteumháskólann í Salzburg, Austurríki, hjá Andreas Macco og Mörthu Sharp. Hann hlaut Lilli Lehmann viðurkenninguna fyrir framúrskarandi meistarapróf frá Mozarteum Stiftung. Síðastliðið ár hefur hann sungið barítónhlutverkið í Carmina Burana með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Gunnsteini Ólafssyni, í Mozart Requiem með Mótettukórnum og Bjarna Frímanni Bjarnasyni, Lieder eines fahrenden Gesellen eftir Gustav Mahler í Fílharmoníunni í Berlín, aðalhlutverkið í Brothers eftir Daníel Bjarnason á Copenhagen Opera Festival og Silvio í Pagliacci í Óperuhúsinu í Ulm, Þýskalandi.

Við Íslensku óperuna hefur Oddur sungið titilhlutverkin í Don Giovanni og í Rakaranum frá Sevilla, Rodrigo í Don Carlo, Föðurinn í Hans og Grétu, Ned Keene í Peter Grimes, Greifann í Brúðkaupi Fígarós og Barone Douphol í La traviata. Önnur óperuhlutverk sem hann hefur sungið eru Wolfram í Tannhäuser og Kurwenal í Tristan und Isolde, Schaunard í La bohème, Silvio í Pagliacci, Oreste í Iphigénie en Tauride og Prins Yeletsky í Pique Dame.

Sem ljóðasöngvari hefur hann flutt Das Lied von der Erde eftir Gustav Mahler í Garnier-óperunni í París og Vetrarferðina og Schwanengesang á Schubert-hátíðinni í Vilabertran á Spáni og haldið ljóðatónleika á Britten-Pears hátíðinni og á Oxford Lieder Festival í Englandi. Hann hefur sungið bassahlutverkin í Jólaóratóriunni, H-moll messunni, Jóhannesar- og Mattheusarpassiunni eftir Bach, Messíasi og Solomon eftir Händel, Requiem og Krýningarmessunni eftir Mozart, Requiem eftir Faurè, Messa di gloria eftir Puccini, Petite Messe Solennelle eftir Rossini, Te Deum eftir Charpentier og Mysterium eftir Haflíða Hallgrímsson.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

1.FIÐLA

Pétur Björnsson
Zbigniew Dubik
Andres Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Justyna Bidler
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Chrissie Thelma Guðmundsdóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir

2.FIÐLA

Joaquin Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Tomasz Kolosowski
Marcin Lazarz
Hlín Erlendsdóttir
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir
Marika Alavere
Júlíana Valborg Þórhallsdóttir
Katrín Róbertsdóttir
Lilja Gull Ólafsdóttir
Viktoría Sól Hjaltadóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marnósdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Eydís Úlfarsdóttir
Helga Björg Kjartansdóttir

SELLÓ

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Ásdís Arnardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Helga Ágústsdóttir

BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Jacek Karvan
Elías Dýrfjörð

HORN

Kjartan Ólafsson
Rakel Björt Helgadóttir
Emil Friðfinnsson
Helgi Svavarsson

FLAUTA

Katrin Heymann
Una Björg Hjartardóttir
Petrea Óskarsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Gillian Haworth

FAGOTT

Dagbjört Ingólfssdóttir
Emelía Rán Benediktsdóttir
Brjann Ingason

KLARINETT

Ármann Helgason
Helga B. Arnardóttir

TROMPET

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

BÁSÚNA

Carlos Caro Aguilera
Oddur Björnsson
David Bobroff

PÁKUR

Emil Þorri Emilsson

SLAGVERK

Þorvaldur Halldórsson
Matiss Leo Meckl

Mótettukórinn

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra landsins. Hann var upphaflega stofnaður sem kirkjukór Hallgrímskirkju en hefur frá árinu 2021 starfað á eigin vegum. Hörður Áskelsson hefur verið stjórnandi kórsins allt frá upphafi en frá byrjun árs 2023 hefur kórinn notið liðsinnis Bjarna Frímanns Bjarnasonar hljómsveitarstjóra og píanóleikara. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóríur, passiur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Kórinn hefur þrisvar verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins í flokki sigilddrar tónlistar; árið 2012 fyrir flutning á 9. sinfóníu Beethovens, árið 2015 fyrir flutning á óratóriunni Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð, og nú síðast árið 2021 þegar hann hlaut verðlaunin fyrir túlkun sína á Jólaóratóríu Bachs í Hörpu. Upptaka frá þeim tónleikum var flutt í jólaútarpsdagskrá bresku útvarpsstöðvarinnar BBC3 í desember sl. Kórinn kemur reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig haldið fjölmarga rómaða tónleika með Alþjóðlegu barokksveitinni í Reykjavík (áður Den Haag).

SÓPRAN

Anna Samúelsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Rut Guðmundsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Arnbjörg Ösp Mattíasdóttir
Björg Sigurðardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Helga Sigríður Þórsdóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Hafsteinn Már Einarsson
Hannes Kristinn Árnason
Ingibjartur Jónsson
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Sigurjón Jóhannsson
Vikingur Viðarsson

BASSI

Arnar Freyr Kristinsson
Eðvarð Ingólfsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Ingólfur Jóhannesson
Kjalar Martinsson Kollmar
Snorri Sigurðsson
Sveinn Ingi Reynisson
Ögmundur Bjarnason

Kór Akureyrarkirkju

Kór Akureyrarkirkju var stofnaður árið 1945 og hefur allar götur síðan verið meðal fremstu kirkjukóra á Íslandi en fyrsti stjórnandi hans var Jakob Tryggvason. Kórinn er einn sá fjölmennasti á landinu en í honum syngja rúmlega áttatíu manns á öllum aldri. Kór Akureyrarkirkju flytur tónlist við hefðbundið helgihald kirkjunnar en þar að auki heldur hann reglulega tónleika. Kórinn hefur endá flutt mörg af stærstu kórverkum tónbókmenntanna og einnig hefur hann á síðustu árum flutt íslenska nútímatónlist.

Stjórnandi kórsins er Þorvaldur Örn Davíðsson en hann stjórnaði áður meðal annars kórnum Hljómeyki og Graduale Nobili.

SÓPRAN

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir
Dýrleif Jóhannsdóttir
Erla Sigríður Sigurðardóttir
Fanney Baldursdóttir
Guðný Alma Haraldsdóttir
Harpa Sveinsdóttir
Hólmfríður Þorsteinsdóttir
Jóhanna Baldvinsdóttir
Jónína Auður Sigurðardóttir
Karen Ósk Kristjánsdóttir
Kolbrún Jónsdóttir
Kolbrún Sveinsdóttir
Kristín Alfreðsdóttir
Lydía Rós B. Waage
Margrét Karlsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
Ragnheiður Harpa Arnardóttir
Rósa María Stefánsdóttir
Sesselía Jónsdóttir
Sigríður Olgeirsdóttir

Sigrún Kristjánsdóttir
Tove Stenberg
Vala Tryggvadóttir
Vilborg Daðadóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
Þórkatla Eggertz Tinnudóttir

ALT

Andrea Waage
Anna Elísa Axelsdóttir
Anna Jóna Guðmundsdóttir
Ása Eyfjörð Arnaldsdóttir
Ásdís Gunnlaugsdóttir
Ásdís Snjólfsdóttir
Bergþóra Aradóttir
Fanney Jónsdóttir
Gréta Baldursdóttir
Guðrún María Jóhannsdóttir
Hafdís Jónsdóttir
Halla Jóhannesdóttir
Hrefna Jóhannesdóttir

Inga Salóme Egilsdóttir
Ingibjörg Hreinsdóttir
Jana Salóme Ingibjargar
Jósepsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Lilja Gísladóttir
Linda Björg Sigurðardóttir
Lovísa Jónsdóttir
Margrét Einarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Rósa Njálisdóttir
Sædís Gunnarsdóttir
Sigrún Héðinsdóttir

TENÓR

Baldur Jóhann Björgvinsson
Bjarni Guðmundsson
Bryngeir Kristinsson
Guðni Hannes Estherarson
Haukur Már Ingólfsson

Kristinn Darri Þorsteinsson
Michael Anthony Smith
Óskar Þór Halldórsson
Stefán Frimann Jökulsson
Stefán Rafn Stefánsson

BASSI

Birgir Styrmisson
Guðni Helgason
Haraldur Hauksson
Hermann Arason
Hreinn Hrafnsson
Lúðvík Áskelsson
Magnús Smári Smáráson
Oddur Vilhelmsson
Richard Örn Blischke Oddsson
Sverrir A. Meldal
Sverrir Páll Erlendsson
Þorkell Ásgeir Jóhannsson
Þóroddur Þóroddsson

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

30 ára – litið um öxl

Samtímaheimildum ber saman um að ég hafi spilað á horn á fyrstu tónleikum SN í Akureyrarkirkju þann 24. október 1993 og má meðal annars sjá mig á mynd af hljómsveitinni sem tekin var í lok tónleikanna. Ég man samt eiginlega ekki eftir þessum tónleikum. Mér eru mun minnisstæðari tónleikar með Kammerhljómsveit Akureyrar nokkrum árum áður þar sem leikið var tónverkið Pétur og úlfurinn (en þar fá hornin að túlka úlfinn). Það var vorið 1987 og ég var þá að verða 13 ára. Þá um sumarið fór ég líka í fyrsta sinn til útlanda, með Blásarasveit Tónlistarskólans á Akureyri. Heilmikið ævintýri þar sem við tókum meðal annars þátt í lúðrasveitakeppni í Noregi. Næstu ár voru líka viðburðarík, reglulegir tónleikar með Kammerhljómsveit Akureyrar, sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans og Blásarasveit Tónlistarskólans og tvær keppnisferðir í viðbót með þeim hópi til útlanda. Vorið 1993 tók ég þátt í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á óperettunni Leðurblökunni og fékk í fyrsta sinn um ævina greitt fyrir að spila á hljóðfæri. Með hliðsjón af þessu fyrirgefst mér vonandi að hafa ekki upplifað það sem mjög stóran viðburð fyrir mig, 19 ára, að spila með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Þó er er óumdeilt að það var brotið blað haustið 1993 þegar Sinfóníuhljómsveit Norðurlands var ýtt úr vör. Þar var mörkuð með afgerandi hætti sú stefna að búa til atvinnusinfóníuhljómsveit með höfuðstöðvar á Akureyri og opinberir aðilar stigu inn í verkefnið með myndarlegum hætti. Þannig lögðu ríkið og Akureyrarbær til samtals 4 milljónir til reksturs hljómsveitarinnar á fyrsta almanaksári eða sem nemur tæpum 15 milljónum á núgildandi verðlagi. Ýmsum þótti samt vel í lagt að stofna sinfóníuhljómsveit og gátu ekki séð fyrir sér að þörf væri á tveimur sinfóníuhljómsveitum í svo fámennu landi. Þeim má benda á að þegar SN varð til árið 1993 hafði íbúafjöldi á Íslandi næstum

tvöfaldast frá því að Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð rúmum 40 árum fyrr. Að því leyti má segja að orðið hafi verið tímabært að koma á fót annarri sinfóníuhljómsveit á Íslandi og spurningin fremur hvort sú hljómsveit ætti ekki einmitt að vera með starfsemi sína utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá má spyrja hvort reynslan hafi sýnt að þörf sé fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Til að svara því má horfa til gestafjölða á tónleikum SN en upplýsingar um hann má fá hjá Hagstofunni. Fyrst er til að taka að fjöldinn sveiflast nokkuð milli ára eftir eðli verkefna en almennt er þróunin sú að gestum fjölgar. Nánar tiltekið er þróunin yfir 30 ára starfstíma SN sú að árlegur fjöldi gesta á almennum tónleikum vex að meðaltali um 100 ár frá ári. Mikilvægt er að taka jafnframt fram að almennum tónleikum hefur ekki fjölgað svo þessi þróun virðist vera vegna vaxandi áhuga á því sem hljómsveitin hefur að bjóða. Í niðurlagi umfjöllunar sinnar um fyrstu tónleika SN í Degi 26. október 1993 skrifaði Haukur Ágústsson þetta um framtíð hljómsveitarinnar: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands verður ekki til af sjálfri sér og rekur sig heldur ekki af áhuga tónlistarmanna einna. Hún þarf að eiga velvild bæjar- og landsyfirvalda, en framar öllu öðru velvild hins almenna tónlistarunnanda. Eigi hún hana, er framtíð hennar trygg.

Það mætti nefna mörg sem lagt hafa hönd á plóg (eða boga á streng) til að byggja upp og efla starfsemi SN í gegnum árin en mikilverðast er þó sennilega framlag áheyrenda sem aftur og aftur hafa svarað já, það er þörf fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Kjartan Ólafsson, *hornleikari*.

Kæru gestir

Það er ávallt ánægjuefni að fagna merkurum áföngum og nú er Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að halda upp á 30 ára starfsafmæli. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir 24. október árið 1993 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og mynduðu kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri grunninn að hljómsveitinni.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur allt frá stofnun vaxið fiskur um hrygg og haldið úti öflugum tónlistastarfi á Akureyri og víða á Norðurlandi auk þess að heimsækja höfuðborgina með metnaðarfull og áhugaverð verkefni. Skemmst er að minnast frábærra afmælistónleika Todmobile fyrr í mánuðinum í Eldborgarsal Hörpu þar sem Atli Örvarsson stýrði hljómsveitinni með glæsibrag. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sýndi þar að efnistöð hennar hafa alla tíð verið mjög fjölbreytt og hefur hljómsveitin leikið nánast allar tegundir sígildrar og samtímatónlistar. Samstarf hljómsveitarinnar við Leikfélag Akureyrar hefur einnig verið til mikillar fyrirmyndar og vel heppnuð uppsetning á söngleiknum Chicago er sérstaklega eftirtektarverð.

Ekki er hægt annað en að minnast á hið ævintýralega kvikmyndatónlistarverkefni SinfoniaNord. Með djörfung og hug í farteskinu hefur tekist að koma upp aðstöðu hér í Hofi sem gerir hljómsveitinni kleift að taka að sér upptökur á alþjóðlegri kvikmyndatónlist sem hefur skilað af sér vel heppnuðum verkum.

SinfoniaNord styður við þá áherslu sem kemur fram í nýsamþykktu tónlistarstefnu þar sem fram kemur að „tónlist verði fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein“.

Þessi eftirtektarverði árangur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er sönnun þess að þegar góður jarðvegur, hagstæð skilyrði og vönduð aðstaða er til staðar þá verður uppskeran gjöful.

Hljómsveitin mun hér á eftir flytja níundu sinfóníu Beethovens sem er eitt af stórvirkjum tónlistarsögunnar. Hljómsveitinni til aðstoðar er Kór Akureyrarkirkju og Mótettukórinn. Sinfónían er stórfenglegt afrek sem á ekki sist erindi til okkar í dag því í ljóði Schillers tjáir skáldið hugmyndir um frelsi, jafnrétti og bræðralag meðal manna.

Ég óska Norðlendingum innilega til hamingju með afmælið og er þess fullviss að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands muni áfram flytja okkur gleðióð tónlistarinnar um ókomin ár.

Reykjavík 20. október 2023

Lilja D. Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra

EITT VINSÆLASTA TÓNVERK 20. ALDARINNAR
FLUTT Í HEILD SINNI MEÐ SÖGUMANNI OG MYNDASÝNINGU

PLÁNETURNAR

G U S T A V H O L S T

DANÍEL BJARNASON · SÆVAR HELGI BRAGASON
& SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

HOF 18. FEBRÚAR 2024

MIÐASALA Á MAK.IS

SN30
1993-2023
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS